

# ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Febrúar 2009

## VATNSDALSÁ Í HÚNAVATNSSÝSLU – SILUNGASVÆÐI



Þessi mynd er frá silungasvæðinu í Vatnsdalsá, það er góð von um stórfiska þar.

Ljósmynd Pálmi Másson

Eins og fram kom í janúar varð að fresta úthlutun í Ármannahollið á silungasvæði Vatnsdalsár vegna óvissu um veiðimörk þess við laxasvæðið hjá brúnni á Hringveginum. Nú hefir verið ákveðið að brúarhylurinn heyrir silungasvæðinu til bæði ofan og neðan brúar, en að á þeim veiðistað verði öllum laxi sleppt.

Hér með er Ármönnum aftur boðið að sækja um eftirfarandi veiðidaga á þessum nýju forsendum.

Frestur til að skila inn umsóknum rennur út 15. mars. Þeim skal skilað á netfangið armenn@armenn eða með skriflegum hætti í Árósa í Dugguvogi 13 og verða þær afgreiddar eftir því sem þær berast.

### Veiðisvæðið

Vatnsdalsá er dragá sem myndast úr kvíslum á víðlendum Grímstungu- og Haukagilsheiði. Þaðan sem Mið- og Fella-kvísl sameinast heitir áin Vatnsdalsá og rennur til sjávar á sama stað og Laxá í Ásum. Í Vatnsdalsá skiptast á silunga- og

laxasvæði. Neðra silungasvæðið nær frá Húnaósi og 100 metra upp fyrir brúna á Hringveginum hjá Hnausum. Ætlast er til að laxi úr brúarhylum sé sleppt. Áin streymir lygn á flatlendinu og þar eru 24 nafngreindir veiðistaðir. Efra silungasvæðið tekur við ofan við Flóðið í Vatnsdal og nær upp að Bakkastreng, við bæina Nautabú og Eyjólsstaði. Á því svæði eru 28 nafngreindir veiðistaðir.

Silungasvæðið í Vatnsdalsá hefur um áraraðir verið eitt vinsælasta og eftirsóttasta sjóbleikjusvæði landsins og þar hefur sjóbirtingur einnig verið að sækja í sig veðrið á síðustu árum. Ekki sakar heldur að mjög góð laxavon er á svæðinu. Sumarið 2006 veiddust 1164 urriðar, 447 bleikjur og 84 laxar á silungasvæðinu. Árið 2007 veiddust um 1500 urriðar og 1000 bleikjur í allri ánni en tölur um silungasvæðið sérstaklega voru ekki birtar það ár.

### Reglur

Leyft agn er fluga.

Veitt er á 9 stangir í þriggja daga hollum. Stangirnar eru seldar stakar. Veiði og aðgangur að húsi er frá kl. 15.00 og lýkur fyrir kl. 14 brottfarardaginn.

Ekki er skylda að sleppa laxi, sem veiðist, en æskilegt er að sleppa öllum stórlaxi.

### Gisting og annað

Gisting í góðu veiðihúsi, Steinkoti, er innifalin í veiðileyfinu. Það er staðsett er austan við Flóðið í Vatnsdal. Þar geta um eða yfir 20 manns gist með góðu móti og er öll aðstaða þar með ágætum. Ætlast er til að gengið sé frá uppþvotti og þurrkað af borðum, en skúringar þurfa veiðimenn ekki að annast. Kort af veiðisvæðinu og nánari upplýsingar má fá á slóðinni: <http://vatnsdalsa.is/>.

Vatnsdalsá	
Dagsetning	Verð
30. júlí-2. ágúst	15.5000 kr.

# Skýrsla stjórnar 2009

Ágætu fundarmenn, fundarstjóri og ritari.

Skráðir Ármenn eru í dag 289 talsins. Fyrir ári vorum við 273 að tölu, en 10 hafa verið afskráðir, en inn-skráðir hafa verið 26 nýir félagar, svo miðað við þessar tölur hefir okkur fjölgað um 16. Þetta er aukning um 5,9 %, sem er ríflega þrefalt árlegt fjölgunarhlutfall Íslendinga, svo við megum vel við una. Með svipuðu áframhaldi verður öll þjóðin orðin að Ármönnum eftir tæpar tvær aldir.

Af þessum 289 eru svo gjaldfríir félagar 69, eða nærri fjórðungur.

Stjórn félagsins breyttist á seinasta aðalfundi, en tveir nýir menn komu þá inn í stjórn félagsins, en þeir eru Baldur Sigurðsson og Sveinn Agnarsson. Stjórn Ármanna starfsárið 2008 var því þannig skipuð:

**Formaður:** Hilmar Finnsson

**Varaformaður:** Jón Ólafur Skarphéð-insson

**Gjaldkeri:** Sveinn Agnarsson

**Ritari:** Baldur Sigurðsson

**Meðstjórnendur:** Guðmundur Haukur Jónsson, Ragnar Björgvinsson og Örn Daníelsson formaður húsnefndar.

Haldnir voru 17 bókaðir stjórnarfundir á starfsárinu auk margra vinnu- og samráðsfunda með nefndum og öðrum.

Starfandi nefndir og sértæk umsvif félagsins voru skipuð eftirfarandi mönnum:

**Húsnefnd:** Örn Daníelsson formaður, Gísli Jón Helgasson, Ásbjörn Jónsson, Egill Örn Árnason, Hjálmar Sæbergsson, Einar H. Sigurðsson og Eiríkur I. Bjarnason (Bragi Valur Egilsson)

**Hlíðarvatnsnefnd:** Halldór Sigurðsson formaður, Eiríkur Einarsson, Kristján K. Haraldsson, Bjarni M. Svarsson og Ásgeir Ásgeirsson

**Ritnefnd:** Ragnar Hólm Ragnarsson ritstjóri, Dagur Jónsson og Guðmundur Haukur Jónsson

**Stjórnandi heimasíðu:** Ragnar Hólm Ragnarsson

**Veiðisvæðanefnd:** Daníel Smári Pálsson, Tryggvi Jónasson og Ragnar Björgvinsson

**Skoðunarmenn:** Halldór Lárusson og Sigurður Jónsson, Sigurður Benjamínsson til vara.

**Fulltrúi í LS:** Jafet S. Ólafsson

**Fulltrúi í stjórn Leyfi.is:** Jón Ólafur Skarphéðinsson

Fjárhagur félagsins, sem verður til umfjöllunar undir næsta fundarlið. stendur þokkalega, þrátt fyrir töluverð útlát á tímabilinu, en þau voru helst þessi:

Tölvubúnaður var endurnýjaður og aukinn fyrir 150 þkr.

Nýtt bókhaldskerfi var keypt frá Dk-hugbúnaði, sem er auk þess að vera nauðsynlegt við almennt bókhald, er ómetanlegt við meðferð félagaskrár og birgðahalds, og kostaði þetta um 450 þkr.

Stofnað var nýtt sölukerfi á vefnum, sem hefir hlotið nafnið Leyfi.is og standa að því, auk Ármann, Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar og Stangaveiðifélag Selfoss, og hefir samstarfssamningur um rekstur kerfisins verið gerður með þessum félögum. Kostnaður vegna þessa var um 380 þkr. Áform hér að lútandi voru kynnt á aðalfundinum í fyrra, en um er að ræða netsölukerfi fyrir þá veiðidaga sem ekki seljast í úthlutun. Við metum það svo, að þetta verði okkur afar gagnlegt, með hlíðsjón af almennum viðskiptaháttum og markaðssetningu dagsins í dag. Þau veiðileyfi, sem eftir standa þegar úthlutun er lokið, fara því í sölu á Leyfi.is og hækka við það um 10-15 %, og gildir það verð fyrir

alla sem þar kaupa, jafnt félagsmenn félaganna sem aðra.

Í félagslífinu voru helstu liðir 2008 þessir:

Skil veiðileyfaumsókna voru fyrir lok mánudags 7. janúar og fór úthlutun fram í vikunni á eftir og lauk afgreiðslu þeirra í janúarlok.

Í febrúarbyrjun var þorrablótið haldið og var hvert sæti skipað í Árósum þá.

Síðar í febrúar var kynning á nýjungum í veiðivörum og í mars var sjóndeildarhringurinn víkkaður með frásögn af veiði í útlöndum og í apríl sagði Stefán B. Hjaltested með góðri aðstoð fleiri staðkunnugra frá því hvernig menn eiga að haga sér við Hlíðarvatn.

Seinni hlutann í apríl héldum við vorblótið góða og barnvæna undir öflugri stjórn Ólafs Skeggs fyrir troðnu húsi hér í Árósum og í lok mánaðarins var svo samkvæmt gamalli og góðri venju boðað til Hlíðarvatnshreinsunar. En eins og árið þar á undan voru helst til fáir sem notfærðu sér þetta upplagða tækifæri til að njóta leiðsagnar reyndra manna, og er það í litlu samræmi við þær spurningar mörgu sem upp eru bornar á Árósar kvöldum um veiðistaði, aðferðir og annað viðkomandi vatninu.

Boðaðar voru og farnar tvær hópferðir Ármanna í vötnin sunnan Tungnaár. Sú fyrri um miðjan júní undir forystu Guðmundar Hauks, en sú seinni rétt fyrir miðjan júlí undir forystu Baldurs Sigurðssonar. Báðar finar ferðir og veiði góð og þátttakan líka. Sterkar vonir standa til að svipaður háttur verði hafður á núna á komandi sumri.

Árósar voru nú í haust opnaðir nær fjórum vikum síðar en árið á undan, eða mánudagskvöldið 27. október. Var það svo vegna reynslu manna af dræmri aðsókn á haustdögum og fram á veturinn.

Sú nýbreytni, sem tekin var upp á hnýtingarkvöldunum, að fá menn til að lesa upp úr bókum eða ritmiðum að eigin vali og þá jafnvel eftir þá sjálfa, mæltist mjög vel fyrir og vonandi að þetta dafni áfram. Þökk sem þeim sem hér komu og munu koma að málum.

3. nóvember var boðið til kynningar á fluguhnýtingarkeppni LS. en því miður mætti enginn.

## Ein stöng laus í Vatnsá í Mýrdal.

Nýlega losnaði önnur stöngin af tveimur í

síðara holli Ármanna í Vatnsá í Mýrdal.

Baldur Sigurðsson auglýsir eftir mönnum

á aðra stöngina 6.—8. október (2 dagar),

stangarverð á dag er 38.000 kr.

Veiðileyfið selur Sveinn Agnarsson gjaldkeri

félagsins. Allar upplýsingar um veiðisvæðið

eru í desemberhefti Áróðs.

21. nóvember var skemmtikvöld þar sem menn komu og sögðu sögur og sýndu myndir úr söfnum sínum og nutu léttra veitinga.

Sunnudag 7. des. kl. 14:00 var boðið í aðventukaffi þar sem Gylfi Pálsson flutti okkur hina bestu hugvekju eins og honum er lagið.

15. desember var svo haldin vel sótt bókakynning þar sem Ari Sæmundsen las úr bók sinni "Með stein í skónum" og Sigurður Pálsson kynnti bók sína "Straumflugur".

Áróður hefir komið út mánaðarlega síðan í haust og verður líklega svo í vetur. Þar mæðir á fáum og endurtek ég fyrri beiðni til allra Ármann að færa blaðinu efni. Þess gætir nefnilega lítt á Árórsarsamkomum, að skortur sé á frásagnarefni eða hugleiðingum. Rétt er að þakka Baldri Sigurðssyni sérstaklega fyrir hans þátt í blaðinu seinasta árið með viðtalsþáttum sínum, þar sem hann ræðir við Ármenn nýja sem gamla með því sniði sem hverjum viðmælenda hentar. Þessir viðtalsþættir hafa verið aðaluppistaða margra undanfarinna blaða.

Um útgáfutiðni Áróðs í framtíðinni er ekki gott að fullyrða, en vegna mikils kostnaðar við útgáfuna eru uppi vangaveltur um að fækka útgáfum eitthvað næsta vetur. Er þá sjálfgert að heimasíðan okkar fær við það meira vægi við fréttáflutning til félagsmanna, en gagnast þá jafnframt utanfélagsmönnum líka.

Í veiðisvæðaframboði seinasta sumars voru 4 hefðbundin svæði þ.e. Hlíðarvatn, Grenlækur, Skálmardalur og Vatnsdalsá og auk þess 5 önnur sem voru Vatnamót, Eldvatn á Brunasand, Geirlandsá, Skógá og Vatnsá.

Vel gekk að selja í Hlíðarvatn að venju, þokkalega í flest hinna, en illa í Grenlæk.

Vegna dræmrar aðsóknar og lítillar veiði í mörg ár í Flóðinu í Grenlæk þótti stjórn Ármanna því ekki stætt á öðru en að segja upp samkomulagi við Agnar á Fossum vegna veiðanna á svæðinu. Það mun hafa verið leiðinlegast verka okkar á árinu, því þar hafa Ármenn veitt, hitt gott fólk og notið lífsins í áratugi.

Næsta sumar bjóðum við aðeins upp á 4 af þessum 9 svæðum, sem eru Hlíðarvatn, Skálmardalur, Skógá og Vatnsá, auk 3 nýrra, sem eru Húseyjarkvísl, Minnivallalækur og Hrutá-fjarðará.

Vatnsdalsá var og er enn í boði, en með þeim skilyrðum sem þar eru sett og fækkun veiðistaða á silungasvæðinu hafa þeir Ármenn sem mannað hafa hið gamalgróna holl flestir misst áhugann.

Aflabrögð í Hlíðarvatni skánuðu um 50 % milli áranna 2007 og 2008 og er það auðvitað hið besta mál. Áformað er að helga marsblaði Áróðs Hlíðarvatni, og þá verði birtur ýmis fróðleikur og það nýjasta nýja í texta og tölum. Vil samt nefna það hér og nú, að það er undrunarefni Hlíðarvatnsmönnum hversu lítil ásókn er í septemberdagana, því þá er gjarnan von stærri ævintýra en á öðrum tíma. Þá á ég ekki við þau leiðindi sem urðu í lok september þegar brotist var inn í skúrinn og regulator (straumstilli) stolið. Nokkuð hefir borið á umferð og handbragði ólánsmanna við veiðihúsin á svæðinu undanfarin ár þegar aðrir hafa ekki séð til, því miður.

21. apríl s.l. var undirritaður samningur til 5 ára um rétt Ármanna til að veiða í vötnum á Landmannaafreitti sunnan Tungnaár. Samningsupphæðin var 240.000 kr. fyrir seinasta ár og er bundin vísitölu neysliverðs. Því geta Ármenn veitt þar þegar þeir vilja næstu sumur, með þeim skilyrðum að þeir í samræmi við lög og siðareglur

félagsins lúti í öllu reglum landeigenda um umgengni á svæðinu og síðast en ekki síst að þeir framvísi skírteinum Ármanna í Landmannahelli áður en veiðar eru hafnar og skili skýrslu um afla áður en farið er af svæðinu. Allt er þetta auðvitað sjálfsagt.

Samstarf félaganna við Hlíðarvatn var með hefðbundnum hætti. Þar erum við með samning til ársins 2013. Sameiginlegur fundur var haldinn í Skíðaskálanum í Hveradölum 8. nóvember s.l. þar sem lagðar voru m.a. fram veiðiskýrslur með þeim aflaniðurstöðum sem áður var minnst á.

Af vettvangi LS er það helst að formannafundur var haldinn X mars og aðalfundurinn 24. okt., en þann sama dag stóð sambandið ásamt Landssambandi veiðifélaga að málþingi um stöðu og þróun stangveiði á Íslandi á Grand hóteli í Reykjavík. Félagi Sigbjörn Kjartansson sagði okkur frá sinni sýn á því sem þar fór fram í pistli sem birtist í Áróði í nóvember.

Okkar maður í stjórn LS, Jafet mun gera frekari grein fyrir þessum vettvangi hér á eftir.

Þeim öllum sem lögðu stjórn og nefndum Ármanna lið á árinu eru færðar hinar bestu þakkir.

Góðir fundarmenn. Hér líkur lestri skýrslu stjórnar. Ef spurningar hafa vaknað reynum við að svara þeim eftir megni.

Takk fyrir.

## Tilkynning frá Skeggi og skotti: Hnýtarar mánaðarins næstu vikur verða:

**16. mars: Stefán B. Hjaltested leiðbeinir um hnýtingar á nobblerum.**

**23. mars: Jón Aðalsteinn Þorgeirsson leiðbeinir um hnýtingar á þurrflugum.**

**Menn mæti með sinn venjulega hnýtingarbúnað og en allt sérviskulegt efni verður látið í té á staðnum.**

*Scott*  
flugustangir


SÖLUSTADIR:

Reykjavík: Intersport  
og Veiðiportið

Akureyri: Hornið



## VIÐTAL VIÐ ÁRMANN #401 UM FLUGUHNÝTINGAR Á BRÓKINNI, GÖFUGA FISKA OG NOKKRAR MISHEPPNAÐAR LEIÐIR TIL AÐ AUKA STANGAVEIÐI



Á spjalli  
með Baldri

Sigurður Pálsson málarari er á góðri leið með að verða goðsögn í lifanda lífi fyrir straumflugur sínar, Flæðarmús, Black Ghost SP, Dýrbít og fleiri. Sigurður hefur kennt mörgum að hnýta og var eitt sinn með fluguhnýtingarpátt í Þjóðviljanum sáluga, og er það líklega einsdæmi í íslenskri dagblaðaútgáfu. Sigurður var um tíma í stjórn Landssambands stangaveiðifélaga og er þekktur fyrir að hafa ákveðnar skoðanir á mönnum og málefnum. Væntanlega hafa margir Ármenn fengið bók Sigurðar, *Straumflugur í íslenskri náttúru*, í skóinn fyrir jólin. Þar sýnir hann margar listilega fagrar og veiðilegar flugur og segir deili á þeim. Sigurður kynnti bók sína í Skeggi og skotti 15. desember síðastliðinn. Tíðindamaður Áróðs tók hús á Sigurði einn góðan veðurdag milli jóla og nýárs til að forvitnast nánar um nýju bókina.

Ég skil ekki hvað á að spyrja mann um veiðiskap á þessum árstíma. Allt markast í huga mínum núna af því hvernig ég á að melta það sem ég er búinn að éta um jólin. „Í maga vorum býr mestur dugur, mannvit í görnum líka“ kvað Jón Hreggviðsson í Bláturni þegar hann gat ekki um annað hugsað en mat. Ég hef verið að lesa Halldór

Laxness uppá síðkastið og nýt bókanna meira en nokkru sinni. Helgi í Hoffelli var líka óskaplega hrifinn af Dóra. Ég kynntist Helga þegar ég var í Hornafirðinum 1964 að mála og þegar við hittumst fundum við strax hvor annan. Hann eignaðist snemma stóran vörubíl og keyrði menn yfir Hornafjarðarfljót áður en brúað var. Þegar menn báðu um far fór hann með þá að fljótinu einhvers staðar, smakkaði á vatninu og hristi hausinn. Þetta endurtók hann á nokkrum stöðum og þegar hann kom að vaðinu kinkaði hann kolli og keyrði yfir.

Þeir voru gamansamir, þeir Helgi og Sigfinnur í Stóruhlág. Helgi sagði mér frá því að eitt sinn hafi þeir komið því á kreik að það ætti að vera uppboð á eignum varnarliðsins á Stokksnesi einhvern daginn og hefjast kl. 3. Þeir gerðu samt heldur lítið úr öllu og drógu frekar úr að menn færu þarna. Kl. 2 á tilsettum degi bruna bílar af stað frá öllum bæjum nema Hoffelli og Stóruhlág, enda var þetta tómur uppspuni.

**Ég ætlaði satt að segja ekki að ræða við þig í Áróði um bókmenntir og einkennilega menn, heldur að spyrja þig um veiðiskap og flugur. Var ekki löngu tímabært að þú gæfir út bók um hnýtingar?**

Það er líklega rétt að ég hef þælt svolítið í fluguhnýtingum. Ég er kominn á þann aldur að ég hlýt að

verða bráðum vitlaus og eins gott að koma því frá sér sem maður kann.

Ég sá fyrst straumflugur hjá Agli Kristinssyni. Hann var þjóðsagnapersóna í lifanda lífi. Þá var þetta nýtt fyrir mér og ég fór strax að prófa. En það sést á bókinni að ég er að staðna, það væri blindur maður sem sér það ekki en ég hafði ekki áttað mig á þessu fyrr en ég sá bókina. Nú verð ég að taka mig á – segir Sigurður og sækir bókina.

Dýrbíturinn er kannski besta dæmið um staðnað form sem sjá má í mörgum flugum í bókinni, Bumba, Green Wienie, Silfur Comet, Nobbler og Woolly Bugger. Það er líklega samt eitthvað við formið sem fær fiskinn til að taka, hvernig sem flugan lítur út að öðru leyti, því Dýrbíturinn er óskaplega fiskin fluga. Það sagði mér maður að hefði gerst í fyrrasumar, að fiskarnir í Laxá í Mývatnssveit tóku ekkert nema bleikan Dýrbít suma daga, og þetta er maður sem ég tek mark á, að svo miklu leyti sem unnt er að taka mark á veiðimönnum. Þarna þótti illa komið fyrir göfugum fiskum.

Black Ghost SP er líka afskaplega fjölhæf og fiskin. Ég vildi að vængurinn færi að dilla sér, og hann gerir það því meira sem straumurinn er sterkari. En ég á ekki þessa hugmynd. Ég sá hana fyrst hjá Dick Talleur, Bandaríkjamanni, og ef til

vill á Engilbert Jensen líka einhvern hlut að máli. Svo var það hausinn – mér fannst það bara fallett að hafa rauðan haus, taldi að fiskurinn mundi taka betur eftir. Guðmundur Ragnarsson, fjármálastjóri gamla KHÍ, veiðir orðið lax á hana – nær eingöngu.

Flæðarmúsinn varð svo til þannig að skrifborðið var við hliðina á hjónarúminu hjá okkur vegna þess að margt var í heimili og dálítið þröngt innandyra. Það var að morgni í júní 1986, stór haugur af efni lá á borðinu en ég sat þarna á brókinni og hugsaði um það eitt að hnýta eitthvað sem væri allt öðru vísi en það sem ég hafði áður séð eða hnýtt. Ég bjóst nú ekki við miklu en annað kom upp um haustið þegar við KK fórum austur í Skaftá. Fyrsta útgáfan var rauð en síðan komu svört, bleik og blá. Sú þróun er ekki á mína ábyrgð en þetta veiðir allt, hvert með sínum hætti. Seinna eignaðist ég plakát með 100 flugum og þar á Flæðarmúsinn margar systur. Þetta með klæðaburðinn við hnýtingarnar mættu fleiri reyna. Það er ekki að vita hvað kæmi út úr því.

Einu sinni var ég mikið að pæla í hvernig ætti að veiða á flugu í skoluðu vatni. Það var kona kunningja míns – þau áttu heima í Landbroti, eru kannski flutt að Klaustri núna – hún sagði mér einu sinni að hún tæki bara stöng og stígvél og öslaði austur í Skaftá og veiddi þar á spón í kolmórauðum álnum. Ég hugsaði að ég gæti kannski gert flugu sem veiddi eins.

Ég pældi mikið í sterk-appelsínugulu, og silfur, gull og svart þarí. Kannski hefur KK stýrt mér á þá braut með heppilega liti því hann vissi óteljandi hluti fyrir utan að vera allra snjallasti veiðimaður og kastaði manna best. Flugan bara hélt áfram í loftinu hjá honum, mjög hægt, eins hún ætlaði aldrei að komast á leiðarenda. Þegar ég hældi honum fyrir kastið, þá svaraði hann bara: „Já-já, ég veit það, ég kann ekki að kasta.“ Og það var engin leið að fá hann til að ræða það neitt frekar.

Ég fór svo að gera undarlegar tilraunir, sumar þannig að ég yrði fljótlega að viðundri ef hægt yrði að sýna þær. Allar hafa þær sem betur fer týnst. Það hefur líka komið fyrir að ég yrki eina og eina vísu en að andartaki liðnu er ég búinn að gleyma henni. Fyrir það er ég þakklátur forsónini og aðrir mega prísá sig sæla líka. Þessar tilraunir

mínar eru flestrar horfnar sem betur fer.

Ég man samt eftir einni tilraun. Þetta var fluga sem ég hafði bronsað og silfurlitað, með bunka af silfur flassabú, með svörtum haus og óransfjöldrum. Við vorum að þvælast fyrir austan um 20. september, um það leyti sem menn áttu að hætta, með Skúla Kristins og líklega Jóni skelfi. Ég var með leiðbeiningaþörf í sálinni og benti: „Farðu þarna, og þú þarna!“ – og nú bendir Sigurður til hægri og vinstri. Sjálfur fór ég á milli þeirra og setti í vænan fisk, 10 til 11 pund, en þeir ekkert. Blessaðir drengirnir voru svo þakklátir fyrir heilræðin að við lá að þeir þökkðu mér fyrir með handabandi. „Alltaf ertu jafn drengilegur, Siggi“, sögðu þeir.

### **Maður sem víða hefur veitt hlýtur að eiga sér uppáhaldsstaði.**

Ég get sagt strax að mér finnst urriðasvæðið í Laxá hundleiðilegt. Það stendur þannig á því að ég rek alltaf tærnar í alla snarrótina, en það er mér að kenna því ég hef ekkert þrek til að bera mig um á þann hátt sem þar þarf – og sé illa. Mér finnst ágætt að veiða í Haganesi fyrir utan að vera í sjálfsmennsku í veiðihúsinu. Ég þekki menn sem vilja stundum leyfa mér að fljóta með, en það þarf að drepa einhvern til að komast þar að og það fellur ekki öllum vel að standa í slíku. Ég hef átt skemmtilegar stundir við Mjósundið og fengið helvíti virðulega fiska til að taka hjá mér, man ekki hvað ég hef náð stórum, en svakalega hafa þeir tekið

þungt, stundum með sökklínu, en stundum með hægsökkvandi enda. Á loftmynd af Laxá þarna uppfrá er merkt Jarkollusker en það orð skilur ekki nokkur maður. Á Arnarvatni heitir það Jarpkollusker og það skilst því jarpkolla er annað orð fyrir rauðhöfðaönd.

Ætli uppáhaldsveiðisvæðið mitt sé ekki í Fljótshverfinu. Þar var ég í sambandi við svo dásamlegt fólk, þau seinustu sem bjuggu í Kálfafellskoti, Jakob Bjarnason og Róshildi Hávarðsdóttur. Þau voru miklir höfðingjar, fannst aldrei neitt nokkurs virði sem þau gerðu fyrir mig, ég mátti veiða mánudag, þriðjudag og miðvikudag þegar ég vildi og búa í gamla eyðibýlinu, en þegar ég gerði eitthvað fyrir þau fannst þeim það svo ósköp mikils virði. Veiðifélagið Birtingur á Klaustri er með þetta núna.

Laxá og Brúará koma þarna niður og falla saman í Djúpa. Fiskgengur hluti ána er ekkert mjög langur en þó heldur lengri í Brúará. Djúpa kemur austast úr Síðujökli og sam-einast Hverfisfljóti niðri á aurunum. Hún er hið mesta forað og skóf allan gróður þegar hún var í ham. Á hraunhrygg niðri á aurunum eru leifar af kirkjustaðnum Lundi sem þar var til forna. Hann fór af þegar jöklar gengu fram á þrettánda og fjórtánda öld og þá var þetta kveðið:

Lundarkirkja og besta bú,  
berst í vatnaróti.

Hvar er sóknin hennar nú?

Hulin aur og grjóti.

Meðan fiskstofnar fengu að æxlast í friði voru birtingarnir þarna gerólíkir í vaxtarlagi þótt þeir séu



Ármaður #401 deilir veiðigleði með félaganum Einari Guðmundssyni rafvirkja við Kristnipoll í Laxá í Dölum. #401 þekktist á því að hann er miklu digrari og veiðir miklu minna.





Margt er girnilegt í fluguboxinu hjá Sigurði Pálssyni.

næstu nágrannar. Fiskarnir í Laxá eru svolítið sívalir en í Brúará eru þeir síðari á kviðinn. Þennan mun hef ég ekki séð í mörg ár og þar eiga seiðasleppingarnar líklega nokkra sök.

### **Hagsmunir veiðimanna hljóta að vera að fá fleiri og stærri fiska. Eru seiðasleppingar ekki góð leið til þess?**

Það er áráttá margra, bæði lærðra og leikra, að vera sífellt að grautast í því að kreista fiska í vaskafat, ala upp seiði og sleppa síðar í árnar. Leiðarljósið í þessu virðist vera komið úr kynbótum á sauðfé og nautgripum. Æi, ég nenni varla að tala um þetta en samt vil ég lýsa þeirri skoðun að svona buslungangur getur bara skemmt náttúrulega stofna. Mér er sagt að einhver fræðingur hafi sagt fólki fyrir austan – það er austur á Síðu – að svæðið þarna væri „svo þröngt“ að Grenlækur væri „uppeldisstöð fyrir allt svæðið“. Það hlýtur að þurfa „sérfræðing“ til að finna upp svona speki. Ég vona nú að þetta hafi ekki verið viðrað opinberlega og sé bara misskilningur.

### **En nú hafa hafbeitarár eins og Rangárnar komið sterkar inn á síðustu árum. Er það ekki til bóta fyrir veiðimenn?**

Ég er ekki glaður með það framferði. Rangárfiskur flæðir yfir Suðurland og mun ásamt fiski úr öðrum æringjastöðum stúta öllum

laxastofnum á Suðurlandi. Þetta er skelfilegt. Menn höfðu vissulega tækifæri til að koma í veg fyrir svona ósköp. Það var fyrir rúmlega 20 árum. Þá bjuggu menn ekki yfir þeim brjóstheilindum sem til þurfti og nú eru svo miklir peningar í málinu að ég get ekki skilið hvernig vitið getur komið yfir menn. Aðrir landsfjórðungar geta svo fylgt í kjölfarið og eru þegar byrjaðir.

Nú er rétt að minna á að þegar Ísland skrifaði undir hafréttarsáttmálann var ekki lítið á ferðinni. Heimalönd laxastofnanna tóku þar ábyrgð á laxastofnunum gagnvart mannkyninu um alla eilífð. Síðan lögðust menn í ferðalag sem minnr á ferðalag góða dátans Svejks til Budjevojice. Hann fór nefnilega í öfuga átt og að lokum í hring.

### **Nú hefur þekking á lífnaðarháttum fiska stóraukist. Hafa ekki vísindamenn meira að segja núna en áður?**

Jú, auðvitað hefur þekkingin aukist en hvort það hefur komið að gagni er annað mál. Mér þykir að góðir drengir í hópi menntaðra manna séu heldur hljóðir sem löngum fyrr og að laxinn eigi sér formælendur fáa. Samtök veiðimanna og veiðibænda standa tæplega mál á þessu sviði og umhverfisverndarsamtök eru ekki með á nótunum. Hugsanlega er talið á þeim bæjum að laxinn sé bara hégómamál stanga-veiðifólks og bænda. Mér þykir reglulega slæmt að verða að fallast

á að rök séu fyrir slíkri skoðun.

### **En hvernig líst þér á þá leið að sleppa veiddum fiski? Mun það ekki verða veiðinni til góðs?**

Mér fellur sú aðferð afar illa. Hún rímar ekki við það sem ég kalla gott siðferði veiðimanna. Þetta gera auðvitað margir ágætir menn en það dugar mér ekki.

Það á að veiða mikið, annað er bara einhver vitleysa. Þeir sem eru að tala um ofveiði ættu að skilgreina fyrir sjálfum sér hvað þeir eru að meina, þetta ofveiðital er bara bull sem menn éta hver eftir öðrum. Það gerir ekkert til þótt detti út hrygning eitt ár. Þá koma bara aðrir árgangar inn í staðinn. Ég skil ekki að unnt sé að ofveiða lax. Það eru svo fá dæmi um að stór hrygningarstofn hafi gefið af sér stóran veiðistofn að það má heita undanteking þegar það gerist. Það svo miklu algengara að lítill hrygningarstofn gefi af sér stóran veiðistofn að það má heita regla.

### **En hvað er þá til ráða ef menn vilja auka veiðina?**

Best er auðvitað að gera ekki neitt og láta náttúruna hafa sinn gang. Það eina sem mennirnir geta gert af viti er að veiða, og helst mikið. Menn eiga altjént ekki að stunda kynbætur í vaskafati.

#643 skráði

Lárus Karl Ingason tók myndirnar

# 35. aðalfundur Ármanna haldinn í Árósum

Hinn 11. febrúar síðastliðinn héldu Ármenn aðalfund sinn í 35. sinn. Fundurinn var haldinn í félagsheimilinu Árósum, Dugguvogi 13 að viðstöddum rúmlega 20 félagsmönnum.

Hilmar Finnsson formaður gerði grein fyrir starfsemi félagsins. Félagar um áramót voru 289 og hafði fjölgað um 16 frá árinu áður. Hann gerði grein fyrir starfi stjórnar og nefnda, samkomum félagsins, veiðisvæðum, úthlutun veiðileyfa, sameiginlegum veiðiferðum, útgáfu Áróðs, samstarfi við aðra aðila á sviði stangveiða og fleiru. Samstarf var tekið upp við Stanagaveiðifélag Hafnarfjarðar og Stangaveiðifélag Selfoss um um sölu veiðileyfa á netinu á vefnum, Leyfi.is og gekk það samstarf vel.

Spurt var um veiðistaðinn við brúna í Vatnsdalsá, og hvort skylda væri að sleppa öllum laxi. Formaður svaraði því til að silungasvæðið næði núna um 100 metra upp fyrir brú en mælst væri til þess að öllum laxi sem veiddist við þjóðveginn væri sleppt.

Skýrsla formanns er birt annars staðar í þessu blaði.

Sveinn Agnarsson gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins sem lágu fyrir fundinum. Rekstur félagsins einkennist af góðu jafnvægi. Félagsgjöld standa að mestu undir föstum kostnaði, sem aðallega er fölginn í útgáfu Áróðs. Veiðileyfi hafa selst vel og ekki var halli á neinu veiðisvæði nema Grenlæk. Rekstur félagsheimilis í Dugguvogi og veiðihúss við Hlíðarvatn hefur sömuleiðis verið í góðu jafnvægi. Veiðihúsið var endurnýjað í fyrra en í ár var stærsti útgjaldaliðurinn

fölginn í endurnýjun á tölvukerfi félagsins. Skemmdir voru unnar á veiðihúsinu sl. sumar en kostnaður af viðgerðum var óverulegur. Nokkur umræða var um hvað stæði að baki eigninni „rafstöð“ í reikningum félagsins þar sem rafstöðinni við Hlíðarvatn var stolið í fyrra. Sömuleiðis veltu menn vöngum yfir því að veiðihúsið við Hlíðarvatn væri kallað „Stakkavík“ í reikningum félagsins en sú nafngift er notuð á fasteignaskrá og hjá tryggingarfélaginu. Samþykkt var að gjaldkeri athugaði þetta betur.

Að loknum umræðum voru reikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Tveir menn áttu að ganga úr stjórn eftir fjögurra ára setu, þeir Guðmundur Haukur Jónsson og Jón Ólafur Skarphéðinsson. Stjórn gerði tillögu um þá Ágúst Úlfar Sigurðsson og Eirík I. Bjarnason og var hún samþykkt. Áfram sitja í stjórn Hilmar Finnsson formaður, Sveinn Agnarsson, Örn Daníelsson, Baldur Sigurðsson og Ragnar Björgvinsson.

Skoðunarmenn félagsins verða þeir sömu og áður: Sigurður Jónsson og Halldór Lárusson en Sigurður Benjamínsson til vara.

Samþykkt var tillaga stjórnar um að árgjald og inntökugjald verði óbreytt.

Undir liðnum Önnur mál var rætt um fernt.

1. Jafet Ólafsson gerði grein fyrir starfsemi Landssamands stangaveiðifélaga. Sambandið er málsvari stangaveiðimanna gagnvart yfirvöldum, og Ármenn hafa jafnan stutt starfsemi þess af heilum hug. Sambandið hefur

reynt að stuðla að bættri umgengni á veiðislóð, skipulagt veiðidag fjölskyldunnar, og styrkt rannsóknir á veiði. Í vetur er fluguhnýtingarkeppni á dagskrá í samstarfi við Ellingsen og kastkeppni er fyrirhuguð. Á vormánuðum er ætlunin að gera könnun meðal félaga og leigusala á stöðu markaðarins eftir hrun bankanna. Þeir hafa leigt býsna stóran hluta veiðileyfa á besta tíma í dýrum ám svo brotthvarf þeirra hefur víða mikil áhrif.

2. Hilmar Finnsson formaður gerði að umtalsefni uppsögn á leigusamningi Ármanna í Fitjaflóði í Grenlæk. Sú uppsögn var eitt erfiðasta verk stjórnar á liðnu starfsári en því miður var ekki um annað að ræða þar sem Ármenn voru hættir að sýna svæðinu áhuga. Með þeirri uppsögn er lokið löngum og merkilegum kafla í sögu Ármanna.

3. Guðmundur Haukur Jónsson vakti máls á því að stangveiðimenn mættu ekki renna fyrir fisk neins staðar, ekki einu sinni á heiðum, nema kaupa sólarhrings veiðileyfi af landeigendum. Málið var rætt og samþykkt að stjórn Ármanna beitti sér fyrir því að þetta mál yrði tekið upp á vettvangi LS. Tryggja þarf hóflegan rétt almennings til að renna fyrir fisk á heiðum.

4. Jóhanna Benediktsdóttir benti á að áklæði á stólum væri úr sér gengið og þyrfti að endurnýja. Stjórnin tók ábendinguna til sín.

Funarstjóri þakkaði stjórnarmönnum gott starf á árinu og sleit fundi kl. 9.35. Eftir það settust menn að kaffidrykkju og tóku upp léttara hjál.

## Nýir Ármenn fram að síðasta aðalfundi.

Á árinu 2008 og fram til 1. febrúar 2009 gengu 27 nýir félagar í Ármen, sem er nærri 10% fjölgun. Við bjóðum þetta fólk velkomið í félagið.

Nýir Ármenn eru hvattir til að koma í Árósa og gefa sig þar fram við húsráðendur. Þeim mun þá verða sérstaklega vel tekið. Ekki hika við að spyrja spurninga, skoða Áróð eins langt aftur og augað eygir, fletta tímaritum og bókum sem til eru og taka þátt í að hnýta flugur með öðrum í Skeggi og skotti á mánudögum.

744 Garðar Þór Magnússon  
745 Björgvin Guðmundsson  
746 Bragi Valur Egilsson  
747 Sigurður Helgason  
748 Inga Margrét Guðmundsdóttir  
749 Lúðvík Kaaber  
754 Hannes A. Hannesson  
111 Jon Nordsteien  
757 Sæmundur Bjarnason  
760 Guðmundur Falk  
759 Steingrímur Ólason  
756 Gylfi Arnbjörnsson  
758 Richard Már Jónsson  
755 Ágústa Katrín Guðmundsdóttir

761 Magnús Axel Hansen  
762 Björgvin Hólm Jóhannesson  
763 Örn Bjarnason  
764 Guðmundur Rúnar Alfnsson  
765 Heiðar Rafn Sverrisson  
766 Arnar Haraldsson  
767 Guðmundur Ragnarsson  
768 Þóroddur F. Þóroddsson  
769 Sigurður Jensson  
770 Ragnar Guðmundsson  
771 Gísli Traustason  
772 Rúnar Björnsson  
773 Gústaf Gústafsson

# Laus veiðileyfi

Hlíðarvatn				
	Júní	Júlí	Ágúst	September
1.				2.500
2.		3.500		
3.			2.500	2.500
4.				
5.				
6.			2.500	
7.				2.500
8.				
9.				2.500
10.			2.500	2.500
11.				2.500
12.			2.500	
13.		3.500	2.500	2.500
14.				2.500
15.		3.500	3.500	2.500
16.			3.500	2.500
17.		3.500		2.500
18.			2.500	2.500
19.				
20.		3.500		
21.		3.500		2.500
22.		3.500	1 st. 3.000	2.500
23.				2.500
24.		3.500		2.500
25.				2.500
26.		4.000		
27.			2.500	
28.		3.500	2. st. 2.500	2.500
29.	3.500	3.500		2.500
30.		3.500		2.500
31.		3.500	2.500	

Húseyjarkvísl		
Dagsetning	Verð	Verð á holti
25.-28. maí	5000 kr.	45000 kr.
1.-4. júní	5000 kr.	45000 kr.

Vatnsdalsá	
Dagsetning	Verð á dag
30. júlí-2. ágúst	15.5000 kr.



## Leiðrétting

Í síðasta blaði féll út nafn ljósmyndara við myndirnar í grein Gylfa Pálssonar. Pétur Ólafsson tók myndirnar og biðjumst við velvirðingar á þessum mistökum

*Scott*  
flugustangir

**SÖLUSTADIR:**

**Reykjavík:**

Intersport og Veiðiportið

**Akureyri: Hornið**

## Fyrirliggjandi dagskrá í Árósum 2009

Mánudagskvöld kl. 20.00-22.00: Hnýtingakvöld og fleira gott.

Miðvikudagskvöld kl. 20.00-22.00: Ópið hús eða nánar auglýst dagskrá.

**16. mars: Stefán B. Hjaltested leiðbeinir um hnytingar á nobblerum.**

**23. mars: Jón Aðalsteinn Þorgeirsson leiðbeinir um hnytingar á þurrflugum.**

**Laugardaginn 18. apríl kl. 14 Vorblót**

**Helgin 25.- 26. apríl**

**Hlíðarvatnshreinsun**

**ARMENN**

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd  
og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

Ritstjórn og ábyrgð: Ragnar Hólm Ragnarsson, ragnarh@akureyri.is.

Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Frum ehf. www.armenn.is / armenn@armenn.is